

Stigunarkvarði einstaklingsdóma

Höfuð

9,5 - 10

-Mjög frítt og fínlegt höfuð. Eyrn þunn og fínleg, hæfilega lokuð og vel sett. Stórt, opið og næmt, fjörlegt auga og falleg augnaumgjörð. Húðin þunn og fínhærð. Kjálkarnir þunnir og hæfilega grunnir og góð gleidd á milli þeirra. Neflína bein og nasir flenntar.

9,0

-Frítt og fínlegt, gallalaust höfuð.

8,5

-Mjög myndarlegt, svipmikið höfuð.

-Frítt, fínlegt höfuð.

8,0

-Myndarlegt höfuð, svipmikið má vera nokkuð gróft eða hlutfallslega stórt ef það er að öðru leyti gallalítið.

-Svipgott höfuð, gallalítið.

-Mjög frítt höfuð en með einhvern galla í talsverðum mæli.

7,5

-Þökkalegt gallalítið höfuð, hvergi gott.

-Góðir þættir í höfuðgerðinni geta vegið upp nokkur lýti.

7,0

-Ófrítt svipljótt höfuð.

-Þungt (holdugt) höfuð.

-Djúpir, þykkir kjálkar

-Smá augu sem sitja djúpt.

-Slæm eyrnastaða.

-Gróf eyru.

-Nokkurt frávik frá beinni neflínu

-Mjög stutt munnvik.

Sambærilegar reglur gilda um einn galla eða fleiri og lýst er hér að neðan (einkunn 6,5 og lægra).

6,5 og lægra

-Mjög gróft og hlutfallslega stórt höfuð.

-Mjög slæm eyrnastaða og illa gerð eyru.

-Mikið frávik frá beinni neflínu

-Mikill ófríðleiki.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einn ofantalinna galla lýta höfuðið í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir fleiri en einn og fátt prýði, sjá einnig í upptalningu við einkunn 7,0.

Háls, herðar og bógar

9,5 - 10

-Langur, háreistur, afar fíngerður háls, úrvalsgóð hnakkabeygja, hálsinn greinist fagurlega frá bolnum, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

9,0

-Langur, háreistur, fremur fíngerður háls en dýpt ívið of mikil um brjóst, úrvals góð hnakkabeygja, háar vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

-Vel í meðallagi langur, vel reistur, þunnur og fíngerður háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

8,5

-Háreistur, meðallangur og full sver en vel settur háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, þokkalega reistur, fíngerður, bærilega settur háls, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, háar og vel lagaðar herðar, en full beinir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, rétt þokkalegar herðar, en vel skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, en hnakkabeygja þó ekki nógu góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir

8,0

-Reistur og mjúkur, þokkalega langur en djúpur og of sver háls, herðar háar, bógar skásettir.

-Langur grannur, vel settur háls, allgóð hnakkabeygja en herðar full lágar, bógsetning í lagi.

-Vel reistur háls en frambygging að öðru leyti í meðallagi.

7,5

-Þokkaleg frambygging en hvergi góð.

-Reising í meðallagi, háls of stuttur, þykkur og /eða djúpur, herðar vellagaðar (háar og vel breiðar), bógar vel skásettir.

-Háls langur og vel gerður en of lágt settur, herðar lágar og bógar beinir.

-Reistur háls en áberandi mikill hjartarháls og/eða mikið taumaslöður, frambygging að öðru leyti þokkaleg.

7,0

-Mikill hjartarháls.

-Holdfyllt kverk.

-Mikið taumaslöður.

Þetta þrennt er til viðbótar upptalningu fyrir einkunn 6,5 eða lægri. Sambærilegar reglur gilda um einkunn eins og lýst er hér að neðan (6,5 og lægra), þ.e. taka skal tillit til fjölda og eðlis lýta í sköpulagi frambyggingar.

6,5 og lægra

-Háls er mjög lágt settur.

-Háls er mjög djúpur.

-Háls er mjög stuttur.

-Herðar eru mjög lágar og flatar.

-Bógar eru mjög beinir.

-Bógar eru mjög fast bundnir.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einhverjir gallar lýta frambygginguna í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir margir og fátt prýði, sjá einnig skýringar við einkunn 7,0.

Kröfur um fínleika hálsgerðarinnar eru ekki hinar sömu hvað stóðhesta varðar og hryssur eða gelta hesta.

Áður en einkunn fyrir háls, herðar og bóga er endanlega ákvörðuð skal dómnefnd skoða hvernig hrossinu nýtist frambyggingin í reið, hvað varðar fótaborð, framtak, reisingu og hnakkabeygju.

Bak og lend

9,5 - 10

-Einstök úrvalsgerð yfirlínu: Bakið er mjúkt og fjaðurmagnað, hæfilega langt, vel breitt og vöðvað. Hrygglinan er mjúk aftur í krossbein. Lendin er fögur, löng, hæfilega brött, jafnvaxin, fyllt, lærin eru löng og hafa mikla og djúpa vöðvafyllingu. Taglið er fagurlega sett.

9,0

-Mjög vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp fremur gott sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru vel gerð.

8,5

-Vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp þökkalegt sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru góð.

8,0

-Fremur gott sköpulag yfirlínunnar.

-Vel skapað bak; mjúkt, breitt og vel vöðvað, góð samskeyti baks og lendar. Lendin er þökkalega gerð en hvergi góð.

-Þökkalega gert bak; ekki mjög hart, söðulbakað, né stífleiki í spjaldi. Vel sköpuð lend; löng, hæfilega brött, jafnvaxin og fyllt.

7,5

-Þökkalegt sköpulag baks, lendar og samskeyta þeirra en hvergi gott (þökkalega gerð yfirlína).

-Gott sköpulag baks og lendar getur náð að vinna upp nokkur lýti á yfirlínunni.

7,0

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra

-Kryppa í baki eða spjaldhrygg.

-Mjög mikið söðulbak.

-Mjög gölluð samskeyti baks og lendar.

-Mjög stutt bak eða mjög langt.

-Mjög mjótt bak, illa vöðvað.

-Mjög afturdregin lend.

-Afar grófgerð lend.

-Mjög stutt, grunn, flöt eða þúfulaga lend.

-Mjög framhallandi bak.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda lýta og hversu stórfelld þau eru, sbr. fyrr.

Samræmi

9,5 – 10

-Glæst heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált og algerlega hlutfallarétt.

9,0

-Mjög falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált. Einungis sé um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,5

-Falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan bol. Hryssur séu ekki afturhár en stóðhestar hærrí á herðar en lend. Einungis um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,0

-Fremur falleg heildarmynd.

-Mjög góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,5

-Þökkalegt samræmi.

-Góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,0

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra

-Hrossið er mjög framlágt.

-Hrossið er mjög djúpbyggt; mjög djúpt um brjóst, bolmikið (miklar útlögur, flatar síður).

-Hrossið er mjög fótalágt.

-Hrossið er mjög stuttvaxið og/eða það er mikið ósamræmi í lengd, framhluta, miðhluta og afturbyggingar.

-Hrossið hefur mikið ósamræmi í fram- og afturhluta (breidd, dýpt) þar með talið að brjóstið sé of þunnt (samfallið).

Fótagerð

9,5 – 10

-Þurrar, mjög sterklegar sinar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og vel gerðar kjúkur, fótstaða mjög góð.

9,0

-Þurrar, mjög sterklegar sinar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og allgóðar kjúkur.

8,5

-Þurrar, sterklegar sinar og góð skil sina og leggja (mjög gott átak), Þökkalegir liðir, kjúkur og fótstaða (útlit).

-Þökkalegt átak en mjög fallett útlit.

8,0

-Allgóð fótagerð.

-Mjög góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,5

-Þökkaleg fótagerð.

-Góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,0

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5

-Mjög votar sínar á fram- og/eða afturfótum.

-Mjög lítil skil sína og leggja á framfótum.

-Mjög grannir liðir á aftur- og/eða framfótum (einkum skal litið á hæl og framhné).

-Mjög svög eða hörð fótstaða.

-Mikið frávik frá réttri fótstöðu þ.e. sverðfætt eða hafurfætt

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Réttleiki

9,5 – 10

-Frábær réttleiki: Framfætur eru algerlega réttir og hæfileg gleidd er á milli framfóta sem og afturfóta. Afturfætur mega vera lítillega útskeifir.

9,0

-Mjög góður réttleiki. Ekki er um neina eiginlega galla að ræða.

8,5

-Góður réttleiki. Einungis er um smávægilegan galla að ræða, þó sé enginn vindingur í hæklum

8,0

-Fremur góður réttleiki fóta. Ekki um verulega galla að ræða.

7,5

-Þökkalegur réttleiki. Liðir mega þó vera nokkuð snúnir ef hrossið er algerlega óágripíð og engin einkenni um óeðlilegt álag koma fram í fótum.

7,0

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra

-Mjög illa snúnir liðir fram- og/eða afurfóta.

-Mjög mikill vindingur í hæklum.

-Mjög mikil nágengni.

-Mjög skæld fótstaða á fram- og/eða afturfótum ; kiðfætt, hjólbeinótt, kýrfætt.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Við dóma á réttleika skal taka tillit til hvort hross grípi á sig eða einkenni um óeðlilegt álag komi fram.

Sú venja skal viðhöfð við dóma á nágengum hrossum að þau séu teymd á brokki auk þess sem þau eru teymd á feti eins og venja er. Mjög mikil gleiðgengni að aftan, svo að lýti sé af, getur haft áhrif á einkunnagjöf réttleika.

Hófar

9,5 – 10

-Mjög vel djúpir hófar og hvelfdur hófbotn, mjög vel lagaðir, kúptir og fallegir að sjá, efnisþéttir, einlitir og helst dökkir. Hóftunga er mikil og hælstoðir mjög traustlegar.

9,0

-Vel djúpir, vel lagaðir og kúptir, sterklegir og efnismiklir hófar, hóftunga er góð og hælstoðir traustlegar.

8,5

-Vel djúpir, vel lagaðir og sterklegir hófar. Aðeins er um fremur smávægilega galla að ræða hvað önnur atriði hófgerðar varðar.

8,0

-Þökkalega vel djúpir hófar, þeir séu lausir við alla stórgalla.

-Meðaldjúpir hófar en mjög efnisgóðir og vel lagaðir.

7,5

-Meðaldjúpir hófar en gallar og betri atriði geta náð til að veða hvort annað upp.

7,0

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra

-Mjög grunnir hófar, flatir, útflenntir eða hófbotn siginn.

-Mjög krappir (þröngir) hófar.

-Mjög lélegt efni í hófum (þ.m.t. afar ljótt yfirborð).

-Mjög efnislitlir hófar, nær enginn hóftunga eða nær engir hælur.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Prúðleiki á fax og tagl

9,5 – 10

-Einstakur prúðleiki á fax og tagl, þykkt og sítt fax með miklum ennistoppi.

9,0

-Mjög góður prúðleiki á fax og tagl.

8,0 - 8,5

-Allþykkt fax sem má auðveldlega skipta, ágætur vöxtur í ennistopp. Taglið þökkalegt.

7,5

-Meðalprýði

7,0

-Sjá einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlegan galla að ræða.

6,5 og lægra

-Mjög snoðið á fax og tagl.

Hryssur hafa að jafnaði fíngerðara fax og tagl en stóðhestar og þarf að hafa það í huga við mat á þessum þætti.

Tölt

9,5 – 10

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, töltferðin frábær.

-Til að einkunnin 10 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 9,0 og til að einkunnin 9,5 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 8,5.

9,0

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta, fjaðurmagn er í hreyfingum, mjög ferðmikið.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, dágóð ferð.

-Til að einkunnin 9,0 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 8,0.

8,5

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, meðalgóðri lyftu og framgripi framfóta en töltferðin er mjög góð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en aðeins þokkalegri töltferð.

-Rúmt, afar lyftingar- og framtaksmikið tölt en skortir nokkuð á gott taktöryggi.

-Hrossið nær ekki góðu afturfótastigi en hreyfingar framfóta eru afar lyftingar- og framgripsmiklar, bærilegur taktur á hægu tölti, mjög ferðmikið.

-Til að einkunnin 8,5 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7,5.

8,0

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi, allgóð ferð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en töltferð er í meðallagi.

-Rúmt lyftingargott, framtaksmikið tölt en um nokkra taktgalla er að ræða þegar komið er á ferð.

-Fremur stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar, hrossið nær góðri töltferð.

- Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt tölt.

- Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt tölt.

- Til að einkunnin 8,0 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7,0.

7,5

-Taktgott tölt en nokkuð skortir á rými þess og glæsileik.

-Taktgott tölt, rúmt en reisnarlítið (lágengni).

-Rúmt, lyftingar- og framgripsmikið tölt en um talsverða taktgalla er að ræða á hægu- og milliferðartölti.

-Tölt með stuttu afturfótastigi en lyfta og framgrip fóta er mikið og allgóð ferð næst.

7,0

-Þokkalegt tölt með köflum en ójafnt.

-Rýmislítið tölt eða mjög stutt afturfótastig.

-Brokkívaf en þokkaleg ferð.

-Bindingur þó að nokkur ferð og lyfta náist.

-Hopp upp á fótinn á venjulegri töltferð.

-Takthreint tölt, milliferð næst en gangurinn er afskaplega lítilfjörlegur (mikil lágengni, stuttstígni).

- 6,5 og lægra
-Töltir ekki (5,0).
-Mjög tregt tölt (klárgengni).
-Mjög bundið tölt (skeiðbindingur).
-Afar ferðlítið tölt.
-Mjög víxlað tölt.
-Tipl eða mikið hopp upp á fótinn.

Mikilvægt er að sýna hægt tölt og greinilegar hraðabreytingar eigi hinar hærri einkunnir að nást. Hægt tölt er stigað sérstaklega og sýning þess er skilyrði þess að hærri einkunnir (8,5 og hærra) fyrir tölt náist. Einkunn fyrir hægt tölt reiknast ekki sérstaklega inn í heildareinkunn en er hugsuð til að auka upplýsingargildi dómsins.

Hægt tölt

9,5 – 10

-Takthreint tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum.

9,0

-Takthreint tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta, fjaðurmagn er í hreyfingum.

8,5

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta.

-Taktgott tölt, hrossið nær þó ekki góðu afturfótarstigi en hreyfingar framfóta eru afar lyftingar- og framgripsmiklar

8,0

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi.

-Stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar.

7,5

-Taktgott tölt en fremur reisnarlítið.

7,0

-Takthreint tölt, en gangurinn er afskaplega lítilfjörlegur (mikil lággengni, stuttstígni).

6,5 og lægra

-Mjög tregt tölt (klárgengni).

-Mjög bundið tölt (skeiðbindingur).

-Mjög víxlað tölt.

-Tipl eða mikið hopp upp á fótinn.

-Sýnir ekki hægt tölt (5,0).

Brokk

9,5-10

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnuðum, svífandi hreyfingum, brokkferðin einstök.

9,0

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnuðum, svífandi hreyfingum, ferðgott.

-Kappreiðabrokk, ekki kröfur um glæsileik.

8,5

-Glæst og svífmikið brokk en skortir nokkuð á brokköryggi.

-Öruggt, létt, ferðgott og þokkalega fallett brokk.

-Öruggt brokk með háum og miklum hreyfingum, ferðmikið en gróft.

-Möguleg einkunn ef form og svif er gott, þó ýtrasta ferð náist ekki.

8,0

-Skrefadrjúgt og fallett brokk en lítið brokköryggi.

-Öruggt, létt og sæmilega ferðgott brokk en ekki fallett.

-Öruggt, ferðmikið en gróft brokk.

7,5

-Sýnir skrefadrjúgt brokk en óöruggt (lítið brokköryggi).

-Full lin og sveiflulítill brokkhreyfing en þokkalega ferðgott.

-Hreint og öruggt brokk en þung hreyfing og ekki ferðmikið.

7,0

-Afar óöruggt brokk en sýnir á köflum gott brokk.

-Brokkar örugglega en lint og ferðlítið.

6,5

-Mjög lint og óöruggt brokk, hoppar upp á fótinn.

-Öruggt tipl.

5,5-6,0

-Rétt aðeins tæpt á tilþrifalaus brokki.

5,0

-Sýnir ekki brokk

Við dóm á brokki er ætíð lítið til hreinleika gangtegundarinnar ef hinar hærri einkunnir eiga að nást, þó eru ekki gerðar kröfur um fullkominn tvítakt á brokki.

Skeið

9,5 – 10

-Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, skeiðferðin frábær.

9,0

-Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, góð skeiðferð.

-Kappreiðaskeið, ekki kröfur um glæsileik.

8,5

-Öruggt og afar fallett skeið, taktgott, allgóð skeiðferð.

-Öruggt og snarpt skeið en ekki fallett.

-Glæsilegt og ferðmikið skeið en ekki full sprettlengd, - nær þó 90 til 100 m.

-Glæsilegt og flugrúmt skeið, óverulegir taktgallar, full sprettlengd, nær 150 til 180 m.

8,0

-Öruggt og fallett skeið, taktgott, skeiðferð í meðallagi.

-Öruggt og rúmt skeið en ekki fallett.

-Fallett og ferðmikið skeið en ekki langir sprettir, nær þó 70 – 80 m.

-Fallett og mjög rúmt skeið en lítilllega fjórtaktað á köflum.

7,5

- Öruggt og þokkalega fallett skeið, taktgott en skortir á ferð.
- Öruggt, ekki fallett skeið en fremur ferðgott.
- Fallett og rúmt skeið en stuttir sprettir, - nær þó 40 til 60 m.
- Fallett og rúmt skeið en fjórtaktað á köflum.

7,0

- Snerpu skeiðhrifsur en lítið skeiðöryggi.
- Skeið með allmiklum taktgöllum.
- Snerpu- og fegurðarlítið en öruggt skeið.

6,5 eða lægra

- Engin vekurð (5.0).
- Stuttir snerpulitlir sprettir.
- Snerpulaust skeið þótt hrossið haldi sprettinn út.
- Skeiðhrifsur.
- Skeið með verulegum taktgöllum; flandur, fjórtaktur eða víxl.

Stökk

9,5 – 10

- Takhreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, stökkferðin frábær.
- Til að einkunnin 10 náist þarf hægt stökk að vera minnst 9,0 og til að einkunnin 9,5 náist þarf hægt stökk að vera minnst 8,5.

9,0

- Takhreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, dágóð ferð.
- Til að einkunnin 9,0 náist þarf hægt stökk að vera minnst 8,0.

8,5

- Sniðgott stökk, allgóð stökkferð.
- Mjög ferðmikið stökk, snið í þokkalegu meðallagi.
- Kappreiðastökk, ekki kröfur um glæsileik.
- Til að einkunnin 8,5 náist þarf hægt stökk að vera minnst 7,5.

8,0

- Sniðgott stökk, stökkferð í meðallagi.
- Ferðmikið stökk, snið í meðallagi.
- Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt stökk.
- Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt stökk.

7,5

- Þokkalegt stökk með sæmilegu sniði og stökkferð í meðallagi.
- Stökkferð og snið (taktur, svif og mýkt) geta vegið upp vankanta hvort á öðru.

7,0

- Víxlar en sýnir gott stökk á milli.
- Stökk með óhreinum takti.
- Þungt stökk; svif- og ferðlítið.
- Þokkalegt snið en ferðlaust stökk.

6,5 eða lægra

-Kýrstökk, víxl

-Mjög óhrein taktur, ferðlaust.

-Mjög mikið ósamræmi í stökkhreyfingu, t.d. mjög há lendarhreyfing.

-Afar mikil þyngsli (svifleysi).

-Einvörðungu kýrstökk (5,0)

Stökksýning í kynbótadómi skal framkvæmd á þann veg að hleypt er af hægu stökki (það sýnt), stökkhraði síðan aukinn og ýtrasta stökkferð hrossins sýnd. Sérstök einkunn er gefin fyrir hægt stökk og sýning þess er skilyrði þess að hærri einkunnir (8,5 eða hærri) fyrir stökk náist. Einkunn fyrir hægt stökk reiknast ekki sérstaklega inn í heildareinkunn en er hugsuð til að auka upplýsingargildi dómsins.

Hægt stökk

9,5 – 10

-Mjúkt, þrítakta stökk með svifi; hrossið lyftir sér vel að framan, áreynslulaust en tilkomumikið.

9,0

-Taktreint og afar fallegt stökk; hrossið lyftir sér vel að framan með góðu svifi.

8,5

-Sniðgott stökk.

8,0

-Snið í meðallagi.

7,5

-Þokkalegt stökk með sæmilegu sniði

-Taktur, svif og mýkt geta vegið upp vankanta hvort á öðru.

7,0

-Víxlar en sýnir gott stökk á milli.

-Stökk með óhreinum takti.

-Þungt stökk; svif- og ferðlítið.

6,5 eða lægra

-Kýrstökk, víxl.

-Mjög mikið ósamræmi í stökkhreyfingu, t.d. mjög há lendarhreyfing.

-Afar mikil þyngsli (svifleysi).

-Einvörðungu kýrstökk (5,0).

Vilji og geðslag

9,5-10

-Fjörviljugur, glaður og kjarkaður en frábærlega þjáll og leitast sífellt eftir því að gera knapa sínum til geðs.

9,0

-Ásækinn í vilja og þjáll en ekki fjörugur.

-Fjörviljugur en einungis meðalþjáll.

-Sýnir frábæran og hnökralausan samstarfsvilja í hvívetna en ekki fjörugur.

8,5

-Mjög þjáll en ekki mikið ásækinn.

-Ásækinn í vilja en einungis meðalþjáll.

8,0

-Reiðvilji.

-Ásækinn í vilja en óþjáll.

7,5

- Þægð en framtaksleysi.
- Spennuvilji.
- Reiðvilji en viðkvæmni eða einbeitingarleysi.

7,0

- Viljaleysi.
- Kergjuvottur.
- Taugaveiklun.

6,5 og lægra

- Kergja.
- Mikil leti og deyfð.
- Mikið ofríki (rokur).

Fegurð í reið

9,5 – 10

Hrossið er glæsilegt og aðsópsmikið í framgöngu;

- Hrossið er háreist, þjálft í beisli, höfuð í lóð. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og frábært fas, taglburður eins og best verður á kosið.

9,0

Hrossið fer mjög fallega í reið;

- Reising er fögur og hrossið fer fallega í beisli. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og mikið fas, taglburður með ágætum. Mjög góðir þættir geta vegið upp nokkru síðri þætti í feegurð hrossins í reið en ætíð eru gerðar miklar kröfur til fallegrar reisingar.

8,5

Hrossið fer fallega í reið;

- Reising er góð og hrossið fer vel í beisli. Hreyfingar eru léttar og samræmisgóðar eða aðsópsmiklar. Góðir þættir geta vegið upp minniháttar galla í feegurð hrossa í reið.

8,0

Hrossið fer vel í reið;

- Hrossið er hæfilega reist og heildarmynd þess í reið er laus við öll eiginleg lýti s.s. gan.
- Reising og höfuðburður aðeins sæmilegur en fallegar og verklegar hreyfingar.
- Reising og höfuðburður mjög góður en hreyfingar aðeins sæmilegar.

7,5

Engir afgerandi gallar á heildamynd hrossins í reið;

- Hrossið er meðalreist og fer þokkalega.

7,0

- Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra

- Mikil lággengni.
- Mikið mýktarleysi og þung hreyfing.
- Mikil lágreisni.
- Mikil ofreisn, gan og gap.
- Mikill höfuðsláttur og skekking í beisli.
- Taglsláttur.

Einkunn 6,5 eða lægri getur komið til ef einn ofantalinna galla nær til að stórskemma heildarmynd hrossins í reið. Hitt er þó algengara að fleiri galla þurfi til, svo að heildarmynd verði þetta lýtt. Einkunn fyrir fegurð í reið er, á hliðstæðan hátt og einkunn fyrir vilja og geðslag, samnefnari fyrir eiginleikann eins og hann kemur fyrir hjá hrossinu í gegnum alla sýninguna.

Fet

9,5 – 10

-Hrossið fasmikið og fetar mjúkt í bol, með stöðugum jöfnum takti, meðalreist, nær framfótaspori vel, hreyfingar rösklegar og rúmar.

8,5 – 9,0

-Gangurinn takthreinn og rösklegur en hreyfingarnar fasminni en undir einkunn 9,5 - 10.

7,5 – 8,0

-Fetið takthreint en skortir röskleika.

6,5 – 7,0

-Ójafn taktur eða fetið framtakslítið, afturfótur nær ekki framfótarspori.

5,5 – 6,0

-Fetið mjög skrefstutt, tiplandi, eða mikil hliðstæð hreyfing.

5,0

-Hrossið fetar ekki.